



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2024

2402033SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, S-3/2024

Þann 17. janúar sl. var birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við 11. gr. laga um landgræðslu. Í samráðsgátt kemur fram að í drögum að reglugerðinni séu settar fram meginreglur sjálfbærrar landnýtingar og viðmið fyrir þá landnýtingarflokka sem reglugerðin tekur til og tilgreindir eru í lögum um landgræðslu.

Afstaða sambandsins

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja sjálfbæra landnýtingu í samræmi við markmið laga um landgræðslu sem er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Með sjálfbærri landnýtingu er átt við að ekki sé gengið á auðlindir þess. þær endurheimtar eins og unnt er og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026, gr. 8.27, segir að brýnt sé að unnin verði stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi þar sem lögð verði áhersla á sjálfbæra landnýtingu og byggt á flokkun landbúnaðarlands. Er því markmið reglugerðarinnar í samræmi við stefnumótun sambandsins um mikilvægi sjálfbærrar landnýtingar.

Sambandið telur þó mikilvægt að reglugerðin sé tekin til ítarlegri vinnslu innan ráðuneytisins í samráði við helstu hagsmunaaðila, s.s. sambandið, sveitarfélög og Bændasamtök Íslands, áður en hún tekur gildi enda hefur komið fram fjöldi athugasemda sem mikilvægt er að bregðast við. Sambandið tekur undir þær athugasemdir sem hafa komið fram frá sveitarfélögum og nefndum á vegum þeirra og tekur sérstaklega undir eftirfarandi atriði:

- Í reglugerðinni er gefið í skyn að sveitarstjórnir hafi ákveðið eftirlitshlutverk án þess þó að skýrt komi fram í hverju sú ábyrgð felst né fjárhagslegur kostnaður. Minnt er á að samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga skal fara fram sérstakt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga og ber ráðherra ábyrgð á að slíkt mat fari fram. Að mati sambandsins er því mikilvægt að annars vegar að reglugerðin sé skýr með alla þá ábyrgð er sett er á sveitarstjórnir og að sú ábyrgð eigi sér stoð í lögum og hins vegar að fram fari fjárhagslegt mat á áhrifum reglugerðarinnar á fjárhag sveitarfélaga.
- Mikilvægt er við setningu reglugerða að gætt sé meðalhófs og að ákvæði hennar íþyngi ekki eigendum lands meira en efni standa til með

markmiðum um sjálfbæra nýtingu lands. Reglugerð þessi felur í sér umfangsmikla og efnismikla viðauka þar sem gerðar eru margar takmarkanir og kröfur til m.a. landbúnaðar sem eðlilegt er að haft sé samráð um og metið hvaða afleiðingar innleiðing þeirra krafna hafi á landbúnað og dreifðari byggðir. Mikilvægt er að meta afleiðingarnar til að tryggja að meðalhófs sé gætt.

- Að fram þurfi að fara mat á áhrifum reglugerðarinnar á íslenskan landbúnað og hinar dreifðu byggðir landsins en það lítur út fyrir að reglugerðin setji óþarflega strangar kvaðir á landbúnaðarsvæði án augljós ávinnings umfram núverandi fyrirkomulag, sbr. t.d. ábendingar er komið hafa fram varðandi beitarland ofar 600 metra hæð eða í 30 gráðu halla.
- Töluvert vantar upp á skýrleika reglugerðarinnar en t.d. er óljóst hvað eru tilmæli, hvað reglur og hvað leiðbeiningar en slíkur skýrleiki er nauðsynlegur til að hægt sé að átta sig á hver raunveruleg áhrif reglugerðarinnar er á einstaka atvinnugreinar og samfélagið í heild.

Niðurlag

Sambandið leggur mikla áherslu á að ráðuneytið hefji aukið samráð við alla hagsmunaaðila svo hægt sé að ná betri skilningi og sátt um málið í heild sinni. Er það sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að markmiðum reglugerðarinnar verður ekki náð nema í góðri samvinnu við alla hagsmunaaðila. Fulltrúar sambandsins eru reiðubúnir að mæta á fund ráðuneytisins til að eiga frekara samtal um málið og taka þátt í samráði við frekari vinnslu við gerð reglugerðarinnar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur